HEIMSKRINGLA

(Stofnuð 1886)

Kemur út á hverjum Miðvikudegi

Útgefendur og eigendur:

THE VIKING PRESS, LTD.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrirfram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrirfram borgað).

Allar borganir sendist ráðsmanni blaðsins. Póst eða banka ávisanir stílist til The Viking Press, Ltd.

O. T. Johnson, ritstjóri
S. D. B. Stephanson, ráðsmaður

Skrifstofa:
729 SHERBROOKE STREET, WINNIPEG
P. O. Box 3171 Talsími Garry 4110

WINNIPEG, MANITOBA, 16. JÚLI 1919

Verkamenn Nýja Sjálands

Um verkamannamál Nýja Sjálands kemst eitt Bandaríkjablaðið nýlega þannig að orði:

"Mitt í þeim miklu umræðum viðkomandi verkamannamálum, sem nú eiga sér stað að heita má í hverju landi heims, hefir þögn verkamanna Nýja Sjálands að líkindum ekki vakið almenna eftirtekt. Eftir að athygli hefið verið [illegible] sannleiki er það ó[illegible] þó flestir minnast að mörg ár [illegible] síðan Nýja Sjáland tjáði sig eiga við ore[illegible] að etja. Eins langt aftur í [illegible] 1900 lýsti hinn viðfrægi Bandaríkjamaður, Henry Demaeest Lloyd Nýja Sjálandi sem "landi án verkfalla".

Og orsökin er að fyrir eitthvað 25 árum síðan skóp Nýja Sjáland sér lög, er ákváðu skylduga málamiðlun í öllum iðnaðar þrætumálum, og stofnsetti málamiðlunar dómstóla til að fjalla um og ráða til lykta hverjum ágreiningi verkamanna og verkveitenda. Sagan sýnir að löggjöf þessi hefir mætt all-misjöfnum dómum. Fyrst var hún örugglega studd af hinum sameinuðu verkamannafélögum og hlaut litla hylli í augum verkveitenda. Verkveitandinn stygðist af hverjum þeim afskiftum, er honum fanst koma í bága við að hann fengi að stjórna starfsýslu sinni eftir eigin geðþótta. Verkamenn aftur á móti fögnuðu löggjöfinni, þar sem þeim var nú veittur réttur að skírskota til óhlutdrægs dómstóls öllum þeim kröfum, er þeir skoðuðu réttmætar vera. Afstaðan tók þó breytingum eftir því sem árin liðu. Þegar frá leið tók stór þorri verkamanna að skoða slíka málamiðlun of milda og helzt til hægfara, og samtímis því fóru verkveitendur að skoða dómstól þenna sem vernd gegn vaxandi öfgakenningum (extremism). Slíkar og þvílíkar breytingar hafa átt sér stað og nú í dag er afstaðan komin í fyrverandi horf.

En hvað sem viðvíkur hinum margvíslegu skoðunum, sem gert hafa vart við sig, hefir þó engin tilraun verið gerð að nema lög þessi úr gildi. Þvert á móti voru samþykt ný lagaákvæði í lok síðasta árs, sem veittu dómstólum þessum meira vald en áður til að ákveða laun verkamanna — í stuttu sagt, óvenjulega mikið vald. Hafa sumir jafnvel haldið því fram að þeir, sem lagaákvæði þessi skópu, hafi ekki haft hugmynd um þau myndu hafa önnur eins áhrif í **byltingaráttina** og raun sé á orðin. En hvað sem því líður, þá eru dómstólar þessir nú önnum kafnir að útkljá þau vandamál, sem í flestum öðrum löndum nyndu hafa í för með sér hin stórkostlegustu umbrot, þýðingarmiklar ráðstefnur, málastapp mikið og óhemju gauragang við og v[illegible]

Samkvæmt síðustu fréttum frá Wellington hefir raunverulegri byltingu (revolution) verið hrint af stokkum hvað snertir laun verkamanna. Lágmarkslaun (minium wage) hafa verið lögákveðin og þar að auki launa-uppbót, er "hlutfallslega sé miðuð við dýrtíðina". Lágmarkslaunin eru endurskoðuð þegar tiltekinn tími er út runninn (tvö ár), en launauppbætur eru ákveðnar á hverjum sex mánuðum, og miðaðar við þáverandi verðskýrslurur yfir nauðsynjavörur.

Eitthvað svo hressandi skynsamlegt og um leið auðvelt virðist koma í ljós við allar þessar ráðstafanir, að óefað munu margir furða sig á, hvers vegna slík tilhögun geti ekki verið viðtækari."

Þannig kemst þetta Bandaríkjablað að orði um ráðstafanir Nýja Sjálands verkamannamálum viðkomandi. Eru ráðstafanir þessar vissulega eftirtektarverðar, verðskulda að þeim sé meiri gaumur gefinn út í frá.

Hætt er þó við að þeim, sem allar stjórnir líta tortrygnisaugum — utan þær séu eingöngu skipaðar verkamönnum — finnist fátt til slíks koma.

Og óhætt má fullyrða, að öfga- og æsingamenn verði slíku fyrirkomulagi sterklega mótfallnir.

Kostbær sigur Frakklands

Það skelfilega verð, í mannlífum og fé, sem hinn mikli sigur útheimti, er nú alvarlegt áhyggjuefni stjórnmálamönnum og rithöfundum Frakklands. Eina von þeirra er að bandaþjóðirnar, sem svo örugglega stóðu með lýðveldinu franska á myrkustu tímum þess, hjálpi nú til það komist á laggir aftur. Þar sem Þýzkaland er vanmegnugt að greiða bandaþjóðum stríðskostnaðinn, verður hann að falla á sigurvegarana sjálfa. Hann verður að borgast af einhverjum og hefir verið leitt í ljós, að Frakkar með færri íbúa verði að borga meira á hvert höfuð af stríðskostnaðinum en Þjóðverjar. Hingað til hafa Frakkar haldið þessu í hátíðlegu þagnargildi, á meðan Þjóðverjar æptu svo heyrðist um heim allan yfir þeirri eyðileggingu, sem samfara væri þeirri kröfu að þeir verði að bæta fyrir þann skaða, er þeir að óþörfu og gagnstætt öllum lögum hafa orsakað.. Harmatölur þessar hafa eðlilega leitt Frakka til að framsetja skýringar frá sinni hlið. Franskur fjármálagarpur, sem ritar í blaðið **Echo de Paris,** segir meðal annars:

Vinir vorir og bandaþjóðanna mega ekki gleyma oss. Afstaða vor er örðug og félagar vorir í stríðinu eina úrlausnin. Fjármálaleg samvinna stríðstímabilsins verður að halda áfram. Við slíka samvinnu mun Frakkland með vanalegum dugnaði ná fyrverandi velmegun og rísa frá rústum og eyðileggingu stríðsins. En eigi Frakkland eingöngu að stóla á eigin krafta, hlýtur alt að fara forgörðum. Nýjar fjárveitingar verða að fást frá brezka ríkinu og Bandaríkjunum til að koma í veg fyrir drátt á fjárhagslegri viðreisn lýðveldis vors."

Í öllu einbeittari tón segir blaðið **Paris Matin:**

"Stríðið kostar Frakkland 63 biljónir dollara. Af þeim 25 biljónum dollara, sem bandaþjóðirnar krefjast frá Þýzkalandi, verður skerfur Frakklands um 13 biljónir. Þar af leiðandi hlýtur Frakkland að borga 50 biljónir dollara af eigin ramleik. Samkvæmt skýrslum herra Bertillons, þá hefir stríðið fært íbúatölu Frakklands niður í 35 miljónir. Á þær 35 miljónir legst nú 50 biljóna dollara stríðskostnaður.

Þýzkaland hefir ekki orðið fyrir hernaðarárásum og iðnaðar verkstæðin þýzku geta tekið til starfa án minstu umsvifa. Fjármálaráðherra Þjóðverja hefir staðhæft, að stríðskostnaður Þýzkalands sé 34 biljónir dollara. Að viðlögðum 25 biljóna dollara skaðabótum verður upphæðin í alt 59 biljónir dollara. Eftir áætlun er íbúatala Þýzkalands nú um 68 miljónir.

En Þjóðverjar reikna upp á innlimun nokkurs hluta Austurríkis, sem þýðir íbúatala þýzka ríkisins verði í alt um 80 miljónir."

Þar af leiðandi kemst blaðið Matin að þeirri niðurstöðu, að stríðskostnaður Frakka sé hærri **per Capita** (á hvert höfuð) en stríðskostnaður Þjóðverja.

Töluverður ágreiningur á sér þó stað hvað snertir íbúatölu Þýzkalands. Viðkomandi þeim ágreiningi hefir Dr. E. J. Dillon, fregnriti blaðsins London **Daily Telegraph,** og sem frægur er sökum víðtækrar þekkingar sinnar á Evrópuþjóðum, meðal annars þetta að segja:

"Því hefir verið haldið fram að fólksfjölda Þýzkalands, engu síður en auður þess, hafi verið stórkostlega ýktur af matsmönnum (appraisers) bandaþjóðanna í þeim tilgangi að réttlæta sem hæstar skaðabætur. Hefir slíkt við engin sannindi að styðjast, þar sem þýzkir sérfræðingar í slíkum efnum hafa sjálfir játað að íbúatala Þýzkalands nái jafnvel 70 miljónum manns." — Tilfærir Dr. Dillon svo skýrslur þeirra, lið fyrir lið og sannar þannig, að hvað snertir fólkstölu Þýzkalands hafi engar ýkjur átt sér stað frá hálfu bandaþjóðanna.

All-hrokafengin afstaða gagnvart því, að skaðabætur séu greiddar Frakklandi og Belgíu, kemur í ljós í ritgerð frá herra Gotheins ráðherra, sem birtist í Vínarborgarblaðinu **Neue Freie Presse**...Meðal annars segir hann:

"Bandaþjóðirnar miða stöðugt alla sína reikningsfærslu á fjárhagsmöguleikum Þýzkalands við ástæður ríkjandi á undan stríðinu. Þær geta ekki séð hve stórkostlega efnalega niðurhrörnum stríðið hefir orsakað oss. Engin þjóð getur sloppið fjárhagslega óskoðduð úr fjögra og hálfs árs styrjöld gegn grimmum óvinum. ..... Vér munum að sjálfsögðu stuðla að viðreisn hinna eyðilögðu svæða með frjálsri vinnu vorra eigin manna. En vér getum ekki tekið oss á herðar óborganlegar skuldabyrðir."

Svipaður er tónn blaðsins **Frankfurter Zeitung,** sem fræðir oss á því að Þýzkaland sé viljugt "að uppfylla trúlega, að svo miklu leyti mögulegt sé, allar skyldur í samræmi við fjórtán greinar Wilsons forseta." Þetta inniheldur, að oss er sagt:

"Að skaðabætur greiðist öllum borgurum, sem frá vorri hálfu hafa beðið tjón í stríðinu. En stjórnir óvinaþjóðanna, sérstaklega Frakkland, hafa rangfært skuldbindingu vora. ..... Með hverju getum vér borgað? Helztu auðsuppsprettur vorar, verzlun og iðnaður erlendis, hafa verið eyðilagðar af þeim sömu öflum, sem nú krefjast sve feikilegra skaðabóta."

Sömuleiðis beinir blaðið **National Zeitung** þ[illegible] aðvörun til bandaþjóðanna, að jafnvel þó Þýzkaland skoðist ábyrgðarfult fyrir tildrögum stríðsins og grimdarverkum þess, þá sé það augljóst:

"Að enginn tekur það, sem hann hefir ekki til ..... og að sérhver lánardrottinn veit hann eingöngu vinnur sjálfum sér tjón með því að krefjast þess ómögulega. Stríðskostnaðurinn er óútreiknanlegur, sem vissulega er margfalt meiri en auðlegð Þýzkalands, sé þar nú annars um nokkra auðlegð að ræða. — Ennfremur er alt stöðugt miðað við tjón liðinnar og núverandi tíðar, þó engu síður beri að taka til greina hið óútmælanlega tjón framtðarinnar: skort á heilbrigði, dvínaða starfskrafta og viljaþrek, uppreistir, verkföll og byltingar. — — Alt þetta myndu **Imperialistarnir** taka með í reikninginn, fengju þeir hugsað réttilega."

Fróðleg skýrsla yfir hið mikla manntjón Frakka birtist nýlega í blaðinu London **Daily Telegraph,** og hljóðar einn kafli hennar sem fylgir:

"Tala fallinna franskra hermanna í stríðinu er 1,071,300. Við þá tölu bætast því nær allir þeirra þrjú hundruð og fjörutíu þúsund manna, sem skrásettir eru sem horfnir (missing). En í þessu er ekki fólgið stærsta tjón Frakklands; hin ægilega fækkun fæðinga í landinu verður sömuleiðis að takast til greina. Þar um ræðir þær afleiðingar stríðsins, sem gera mun vart við sig í sex áratugi að minsta kosti. Árið 1913 voru 17,366 fleiri fæðingar en dauðsföll, en árið 1917 aftur á móti 26981 fleiri dauðsföll en fæðingar. Hernumdu svæðin eru ekki meðtalin í þessum skýrslum. Og þessi mikli munur orsakast ekki af því dauðsföll séu nú fleiri en áður, heldur af því að fæðingar eru nú færri — að helming færri en átti sér stað á friðartímum.

En svo verða skýrslur hinna tíu hernumdu svæða einnig að takast til íhugunar. Á friðartímum var íbúatala þeirra 6,523,255. Áætlað er að um 1,200,000 manns hafi flúið þaðan, og ná ofangreindar skýrslur yfir fæðingar og dauðsföll á meðal þess fólks. En þær skýrslur ná ekki yfir þær 5,223,000 íbúa, sem eftir urðu og sæta hlutu argvítugustu kúgun og harðstjórn. Geta má nærri dauðsföll hafi þar verið fleiri og fæðingar færri en áður. Og jafnvel þó að eins sé gengið út frá sömu hlutföllum og í öðrum stöðum Frakklands, verður fólksfækkunin 43,000 manns á ári hverju eftir 1914. Lauslega reiknað verður þá árleg fólksfækkun alls Frakklands um 320,000 manns.

Skýrslur þessar ná ekki yfir árið 1918, en óhætt mun að ganga þá út frá því sama og á undangengnum árum — við breytingum til batnaðar er tæplega hægt að búast fyrir 1920. Þegar tölu franskra fanga, sem dáið hafa á Þýzkalandi, er bætt við þessa ægilegu dauðra tölu, mun óhætt að segja fólksfækkun Frakklands í alt sökum stríðsins 3,500,000 manns. Í hverju landi, jafnvel í hlutlausu löndunum, hefir dauðsföllum fjölgað, en fæðingum fækkað á tímabili stríðsins, en hvergi þó í jafn stórum stíl og á Frakklandi. Árin 1915—1916 var fæðingartalan á meðal hverra þúsund íbúa: í Frakklandi 10, Englandi og Wales 21, Noregi 25, Spáni 29 og Þýzkalandi (stórborgunum) 17.

Sá tollur, sem stríðið hefir lagt á mannkraft Frakklands, er þungbær; hryggilegast er þó höggið, sem reitt er börnunum og mörg heimili nú sökum þess tómleg og eyðileg. Engar skaðabætur eru mögulegar, slíkt tjón er óbætanlegt, og gagnvart þessu stærsta og átakanlegasta tjóni stendur friðarþingið vanmegnugt. — Frakkland, sem önnur lönd, hlýtur þar að líða í þögn." (Úr Lit. Digest.)

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI

P.O. Box 923, Winnipeg, Manitoba.

Í stjórnarnefnd félagsins eru: **Séra Rögnvaldur Pétursson,** forseti, 650 Maryland str., Winnipeg; **Jón J. Bíldfell,** vara-forseti, 2106 Portage ave., Wpg.; **Sig. Júl. Jóhannesson,** skrifari, 957 Ingersoll str., Wpg.; **Aug. I. Blöndahl,** vara-skrifari, Wynyard, Sask.; **S. D. B. Stephanson,** fjármálaritari, 729 Sherbrooke str., Wpg.; **Stefán Einarsson,** vara-fjármálaritari, Arborg, Man.; **Ásm. P. Jóhannsson,** gjaldkeri, 796 Victor str., Wpg.; **séra Albert Kristjánsson,** vara-gjaldk., Lundar, Man.; og **Sigurbjörn Sigurjónsson,** skjalavörður, 724 Beverley str., Wpg.

Fastafundi hefir nefndin fjórða föstudagskv. hvers mánaðar.

GREETINGS

From the Icelandic of Jónas Hallgrímsson.

The balmy south sends forth its breezes tender
And on the ocean countless billows waken.
They hasten to my native shores forsaken
And bid the ice on land and sea surrender.

O, give them all at home my fondest greeting,
— O'er hill and dale a sacred peace and blessing.
Ye billows, touch each fisher's boat caressing!
And warm each youthful cheek, ye south-winds fleeting.

Herald of spring-time, thou whose instinct free
Pilots thy shiny wings through track-less spaces
To summer-haunts, to sing thy poems rare.

O, greet most fondly, if you chance to see
An angel, whom our native costume graces,
For that, dear throstle, is my sweet-heart fair.

Jakobina Johnson.

xx

A DAY IN SPRING

From the Icelandic of Kristinn Stefánsson.

Spring-time, here's my hand!
Quickened thoughts expand,
Fleet as children in thy sunlight straying.
Life, at rising tide
Seeks thy portals wide.
— Grant to youth its heritage of maying!

Realms of song untold
To my soul unfold.
— Serve once more thy wine of glowing hours!
Let thy teeming light
Put my years to flight.
— Crown my life with sunshine through thy showers!

Jakobina Johnson.

Pillur

"Níðingsverk!" hljóðar fyrirsögn á fremstu síðu Voraldar (8. þ. m.) með ægilega stóru letri. Sennilegt að kuldahrollur hafi farið um suma lesendur blaðsins og þeim flogið byssur og bardagar í hug. — Níðingsverk þetta var fólgið í því, að Heimskringla birti bréfin frá hr. Russell, verkamannaleiðtoga, er virtust sanna hann **gerbyltingamann á rússneska vísu.** Að taka þannig mark á orðum þessa manns sjálfs — hvílíkt níðingsverk!

Heilræði V.

Stefnu þinni hiklaust halt
unz hæsta nærðu tindi —
þangað kemst **ef ærir alt**
með æsingum og vindi.

Eftir að hyggja, hvenær var S. Júl. verkamaður, og hefir hann nokkurntíma verið meðlimur í iðnfélagi (union)? — Er hann ekki annars að gala út í mál, sem hann ber sáralítið skynbragð á?

Kvæðið "Sjáið manninn", sem endurprentað er í síðustu Voröld, er laglega ort að öllum ytra búningi. Um efnið verður ekki sama sagt. Mannlýsingar kvæðisins eru þrungnar af öfgum og ofstæki, þar ljótu hliðinni einni er haldið á lofti, en gengið fram hjá öllu því góða. Verkamaðurinn gerður að örkumluðum **aumingja,** en auðmaðurinn að ærulausum **níðing!** — Fáum mun finnast slíkt votta sanna umbóta-viðleitni eða heilbrigða hugsun.

Undarleg eru þau blöð, sem steinþögðu á meðan verkfallið stóð yfir, en rífast allra blaða mest þegar því er lokið.

Einu sinni endur fyrir löngu var mikið talað um **bróðurkærleikann.** Þetta var ljúfasta yrkisefni skáldanna og hugðnæmasta umtalsefni allra, sem þroskun og framför unnu. En nú er öldin önnur. Þeir "leiðtogar", sem mest **hatrið** fá vakið og sem mest geta stofnað til sundrungar í mannfélaginu, eru nú af mörgum í hávegum hafðir. Þannig breytast tímarnir og menninirnir með.

Allir unna sönnu umbótastarfi. Engir rétthugsandi menn láta heillast af gagnslausum æsingum og þýðingarlausum gauragangi.

Fiume.

Fiume er borg í Króatíu, austan vert við Istriaskagann, við Adriahafið. Í borginni sjálfri eru íbúarnir flestir ítalskir, alt að því 65 af hundraði. Ef úthverfin eru talin með, verða Slavarnir álíka fjölmennir. En Fiume er helzta eða jafnvel eina hafnarborgin í Króatíu. Þess vegna er hún talin Króötum ómissandi. En Italir kröfðust þess, að hún yrði látin koma í sinn hlut við skiftin. Þeir óttast samkeppni Slavaríkisins mikla á Balkan, Stóru-Serbíu, eða hvað það verður nú kallað.

Áður en Italir gengu í lið við Bandamenn, gerðu þeir samning við þá. Það var í apríl 1915. Í þeim samningi var ákveðið, hvernig löndum skyldi skift, ef bandamenn sigruðu í ófriðnum. Italir áttu að fá öll ítölsku héruðin í Austurríki, Triest og Dalmatíu alla en ekki Fiume. Hana áttu Króatar að fá. Þá voru það Rússar, sem báru hag Slavanna í Króatíu fyrir brjósti, og Italir sáu sér ekki fært að halda sinni kröfu til að fá